

Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytið
Sölvhólsgrata 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 7. apríl 2020

Umsögn Neytendasamtakanna um drög að breytingu á reglugerð um skoðun ökutækja, mál 72/2020.


Reglugerð um skoðun ökutækja er ætlað að stuðla að auknu umferðaröryggi með því að tryggja að ökutæki sé í lögmæltu ástandi til þess að lágmarka hættu af notkun þess.

Neytendasamtökin gera því alvarlegar athugasemdir við að fækka eigi reglubundnum skoðunum ökutækja í ökutækjaleigu (bílaleigubílum) samanber 6.gr. b) og telja að þeim eigi frekar að fjölga. Að mati samtakanna væri eðlilegt að skylt væri að fara með bílaleigubíla í aðalskoðun á hverju ári líkt og gildir um leigubíla. Bílaleigubílum er gjarnan ekið langar vegalengdir, af mörgum mishæfum öikumönnum, við misjöfn akstursskilyrði á skömmum tíma og því mikil öryggissjónarmið fólgin í því að þeir séu skoðaðir árlega.

Með árlegri reglubundinni skoðun væri jafnframt líklegra að komið verði í veg fyrir akstursmælastöðusvindl bílaleiga og stuðlað að auknu umferðaröryggi með því að tryggja að ökutæki sé í lögmæltu ástandi til þess að lágmarka hættu af notkun þess, eins og fram kemur í markmiðum reglugerðarinnar.

Neytendasamtökin telja mjög brýnt að unnt sé að hafa raunverulegt eftirlit með því hvort átt hafi verið við akstursmæla bifreiða. Samtökin höfðu samband við fjölda bílaumboða hér á landi og spurðust fyrir um hvort það væri með einhverjum hætti hægt að tengja bifreiðar við tölvur til að ganga úr skugga um það hvort átt hafi verið við akstursmæla bifreiða. Svörin sem samtökin fengu voru á þá leið að það væri ekki hægt að sjá með nokkrum hætti hvort átt hefði verið við akstursmæla bifreiða. Þannig virðist staðan í rauninni vera sú að tæknin til að svindla í þessu samhengi er lengra á veg komin en tæknin til að athuga hvort að svindl hafi átt sér stað. Eitt fárra úrræða sem samtökunum er kunnugt um, til að fylgjast með og athuga hvort átt hafi verið við akstursmæla bifreiða, er að bera saman skráðar aksturstölur, t.d. í þjónustubókum, leigusamningum eða við aðalskoðun og kanna (og eftir atvikum áætla) hvort að notkunin miðað við þær skráningar séu eðlilegar. Þar sem viðhald bílaleigubíla er gjarnan í höndum bílaleignanna sjálfra telja samtökin ekki nægilegt að þjónustubækur bílaleigubíla séu kannaðar, enda eru skráningar í þær oft framkvæmdar af starfsmönnum bílaleignanna sjálfra. Að mati samtakanna væri nærtækast að skráning á aksturstölum væri framkvæmd árlega af skoðunarstofu og fylgt eftir af Samgöngustofu.

Virðingarfyllst,
f.h. Neytendasamtakanna



Breki Karlsson, formaður